



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Sími 5806300, Símbréf 5806301, [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is)

Árleyri 22, 112 Reykjavík

Alþingi  
Nefndasvið  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2015

**Umsögn um um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (sameining stofnana). Þingskjal 504, 371. mál.**

Alþingi hefur nýverið samþykkt lög um sameiningu Hafrannsóknarstofnunar og Veiðimálastofnunar í nýja stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsóknar- og ráðgjafarstofnun haf og vatna.

Rannsóknarstöðin við Mývatn hefur það hlutverk að fylgjast með lífríki Mývatns og Laxár. Veiðimálastofnun hefur átt farsælt samstarf við Rannsóknarstöðina þegar kemur að rannsóknum á fiskstofnum Mývatns og Laxár. Samkvæmt þessu frumvarpi á að sameina Rannsóknarstöðina Náttúrufræðistofnun. Þar með er lagður grunnur að ferskvatnsrannsóknum innan Náttúrufræðistofnunar. Mun heppilegra væri að sameina Náttúrurannsóknarstöðina hinni nýju Hafrannsóknastofnun þar sem hún á miklu meira sameiginlegt en á Náttúrufræðistofnun. Frumvarpið er til þess fallið að dreifa kröftum og fjármunum í rannsóknum á lífríki vatna á fleiri staði og er í andstöðu við þá stefnu sem mörkuð var í sameiningu Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri